
Guðmundur Sveinsson fyrrum módel hjá Kjarval rifjar upp kynni þeirra og samstarf



„Já, hún er býsna erfið þessi stelling, enda var ég aldrei lengi í henni. En ég ræð nú við þetta ennþá". Guðmundur framan við stóru myndina „Kritik", sem sýnd verður á Kjarvalsstöðum á sýningunni sem byrjar á þriðjudag. Ljósm.: E.Ól.

Hann á það inni hjá mér karlinn

Sýning á Kjarvalsstöðum á verkum Jóhannesar Kjarvals verður opnuð á þriðjudag í tilefni af því að öld er liðin frá fæðingu hans. Þar getur að líta mörg verk frá löngu tímabili og á meðal þeirra eru tvö málverk þar sem meistarinn notast við mannslíkama sem mótif. Eflaust kannast margir við þessar myndir, en það er ekki víst að jafn margir viti af því hver það var sem sat fyrir á þessum myndum fyrir Kjarval.

Það upplýsist hér með að sá maður er nefndur Guðmundur Sveinsson og starfar nú hjá Skýrsluvélum ríkisins. Okkur datt í hug að gaman væri að spjalla við Guðmund og spyrja hann að því hvernig það hefði verið að vera „módel" hjá Jóhannesi Kjarval fyrir 35 árum. Guðmundur tók vel í hugmyndina og það varð úr að hann settist niður með blaðamanni og rifjaði upp hvernig þetta bar til og kynni hans af Kjarval.

„Hann á það inni hjá mér, karlinn, við megum ekki láta minningu hans gleymast, hún á að lifa lengi með okkur," sagði Guðmundur við blaðamann. En hvernig bar það til að Kjarval ákvað að mála mannsmyndir og fékk Guðmund til þess að sitja fyrir?

„Þetta var nú þannig að Jón Þorsteinsson íþróttakennari var mikill vinur Kjarvals og var honum oft innan handar með ýmislegt. Að vísu var oft erfitt að gera nokkuð fyrir Kjarval, hann átti þá til að líta svo á að verið væri að leggja hömlur á sig og taka fram fyrir hendur sér. En Jón vildi hvetja Kjarval til þess að taka mannslíkamann fyrir, og lofaði að skaffa mann til að sitja fyrir ef Kjarval vildi. Hann tók vel í það og þá kom Jón til mín og sagðist hafa lofað svolítið upp í ermina á sér, en ég væri alveg rétti maðurinn í þetta. Ég þekkti Kjarval þá ágætlega, við erum báðir úr Meðallandinu, og auk þess þekkti hann foreldra mína, þannig að ég gat umgengist hann óþvingað með góðu móti. Nú, ég sló til og það var tekið til við málverkið í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar. Kjarval stillti mér upp í feikilega erfiða stöðu eins og sést á myndunum, þannig að ég varð að fá hlé eftir nokkrar mínútur og stilla mér síðan upp aftur nokkrum sinnum. Ég stóð þarna fyrir í nokkur skipti, ætli þetta hafi ekki tekið svona viku-tíma í allt. Kjarval var mjög ánægður með þetta og á meðan hann málaði á léreftið þá spjallaði hann svona um heima og geima, þó aldrei um það sem hann var að gera. Ég man að hann talaði mikið um það hvað hann væri vondur við mig að stilla mér svona upp og vorkenndi mér mikið og spurði oft hvort ég væri ekki orðinn þreyttur. En þetta var allt í lagi, því ég gat hvílt mig á milli og maður var nú í betra formi þá en nú. Ég var svolítið í frjálsum íþróttum á þessum tíma, var þá um fertugt."

Hengt upp í rafstöð

Hvað varð svo um þessar myndir?

„Borgin keypti þær og þær voru fluttar í rafstöð austur við Sog. Þar var þeim stillt hátt upp á veggi í vélasal, svona stórar eins og þær eru! En eftir nokkur ár þá voru þær fluttar á Kjarvalsstaði, því þær skemmdust af rakalykinu sem myndast þegar vélarnar ganga og auk þess skemmdist önnur þegar einn af þessum stóru krönum sem þarna eru fór hreinlega í gegnum hornið á henni og reif hana. Ég fór þá austur ásamt ítalska listfræðingnum Ponsi, og fórum með þær suður þar sem Ponsi gerði við þær, þær voru orðnar ansi dökkar af að hanga þarna."

Þú varst búinn að þekkja Kjarval nokkuð lengi áður en hann málaði þessar myndir, ekki satt?

„Jú jú, við vorum ágætis kunningjar, ég fór stundum með honum út á land, til dæmis austur á Hérað og skutlaði honum upp á Þingvelli. Hann notaði venjulega leigubíla en ég eignaðist svo fjallabíl þegar herbílarnir komu og bauð honum stundum far. Annars mátti fólk yfirleitt aldrei koma nálægt honum á meðan hann var að vinna, það voru bara fáir sem það máttu.

Í eitt skipti þá bauð ég honum að fara með hann í Landmannalaugar í vikutíma, þegar ég átti frí, ég vann þá hjá rafmagnsveitunni. Við fórum þarna saman með nesti og tjald og hann pakkaði saman öllu málaradótinu sínu og tók það með sér. Við keyrðum upp að Ljótapolli, sem er nú algert öfugmæli, því þarna er óskaplega fallegt, og sváfum þar um nóttina undir berum himni á segldúk. Við vorum ekkert að tjalda strax því við fengum svo gott veður og það entist alla vikuna. Daginn eftir tjölduðum við svo við Norðurnámsver, gengum um og nutum veðurblíðunnar og náttúrunnar.

En Kjarval leysti ekki utan af neinu málaradóti, teiknaði hvorki né málaði alla vikuna, eins og náttúrufegurðin er nú stórkostleg þarna. Ég skildi það ekki þá að hann tók sér bara frí og var bara að njóta þessa alls í rólegheitum.

„Þú veist ekkert hvernig þú lítur út á stundum"

En seinna um sumarið, það var nú reyndar farið að hausta, þá kom Kjarval til mín og vildi fara aftur í Landmannalaugar, í þetta sinn til að mála. Það var farið að kólna heldur í veðri og bíllinn minn var miðstöðvarlaus og ég sagði honum að Guðmundur Jónasson gæti ef til vill farið með hann á betri bíl. Þá gerði hann sér bara lítið fyrir og fékk frí fyrir mig og Egil Kristjánsson sem vann líka hjá Rafmagnsveitunni og við fórum saman ásamt Guðmundi á staðinn. Þá vorum við svo óheppnir að um nóttina byrjaði að snjóa og við urðum að snúa aftur við svo búið og ekki varð neitt úr neinu. Kjarval fór þó eitthvað út um morguninn og teiknaði tvær myndir í litum og svo var haldið aftur í bæinn. Um veturinn þá teiknar hann svo inn á myndina sem hann rissaði upp höfuðin á Agli og Guðmundi. Síðan bíður hann mig að koma til sín svo að hann geti sett mig á myndina líka. Svo fer þessi mynd á sýningu. Á þessa sýningu kemur svo meðal annarra samstarfskona mín, sem er mikill aðdáandi Kjarvals og þekkir strax á myndinni þá Guðmund og Egil. Hún segir við mig að þeir séu auðþekktir en spyr mig svo hver sá þriðji sé. Ég svaraði því ekkert en spurði sem svo: „Hvað þekkir þú hann ekki kona, þetta er virtur góðborgari hér í bænum?" Svo segi ég Kjarvali frá þessu og læt það fylgja með að mér finnist nú myndin ekki sérlega lík mér. Hann var fljótur til að svara því og sagði: „Og þú veist nú ekkert hvernig þú lítur út á stundum!"

Flatkökur í mosa

Hann var oft hnyttinn í tilsvörunum hann Kjarval, og ég get nú sagt þér aðra sögu álíka af honum. Þannig var að hann var góðvinur Guðbrands Magnússonar sem þá var forstjóri Áfengisverslunarinnar og kom stundum við í kaffi hjá honum og konu hans Matthildi. Einhvern tímann þegar hann hélt til í tjaldi á Þingvöllum þá rennir hann svona við hjá Matthildi og þiggur hjá henni kaffi. Hún er þá að baka flatkökur og lætur hann hafa með sér stóran stafla af þeim þegar hann fer upp á Þingvelli aftur. Það gekk nú ekki mikið á flatkökurnar hjá honum og það er nú þannig með þær að ef þær eru geymdar lengi þá fara að koma í þær alla vega litlir myglublettir. Svo hann tekur þær og stillir þeim upp í mosann fyrir utan tjaldið og málar af þeim tvær myndir. Mörgum árum eða áratugum eftir þetta þá kem ég til hans í Breiðfjörðsblikksmiðjuna þar sem hann var þá, og sé hjá honum aðra af þessum flatkökumyndum og segi svona við hann: „Nei, þú átt þarna ennþá aðra myndina af flatkökunum!" Þá segir hann:

„Já, að hugsa sér, að taka skemmdan mat og mála af honum listaverk, selja það fyrir ærna peninga og geta svo farið út í búð og keypt sér volgt vínarbrauð fyrir þá!" Svona svaraði hann oft til, þessi sérstaki maður. En okkur fél vel hvorum við annan og það var alltaf ágætis samband okkar á milli. Þó gerði hann í því að halda mönnum í vissri fjarlægð, og svo var hann oft að auglýsa sjálfan sig með ýmsu, án þess beinlínis að ætla sér það, eins og margir aðrir listamenn eiga til. Hann gat til dæmis átt það til að vera á frotte-slopp og buxum úti á götu og fannst sjálfum ekkert athugavert við það. Sem listamanni þá leyfðist honum ýmislegt sem vakti athygli, þó það hafi ekki verið ætlunin hjá honum sjálfum. Ég held að hann hafi verið einn af þeim mönnum sem finnst að öðrum komi ekkert við hvað þeir taka sér fyrir hendur og oft tortryggði hann þá mjög sem vildu rétta honum hjálparhönd.

„Sérðu, hvað þetta er dásamlegt!"

Kjarval var feikimikið náttúrubarn og við að kynnast honum þá fann ég að augu mín opnuðust fyrir fegurðinni sem er alls staðar í kringum okkur, í grjótinu, mosanum og skófunum á steinunum. Þessir hlutir sem fólk tekur venjulega ekkert eftir, því gat hann öllu komið á léreft! Þegar ég var með honum úti í náttúrunni þá benti hann manni oft á þetta og sagði: „Sérðu þetta, hvað þetta er dásamlegt!" Meistari Kjarval, það á sannarlega við hann. Og þegar hann var að mála þá talaði hann við fuglana eins og þeir væru vinir hans. Svo átti hann persónulegan kunningja í Selfljóti, ánni sem er rétt hjá sumarhúsinu hans, það var silungur sem hann sá svo oft á sama stað og talaði til þegar hann var þarna við árbakkann, og áleit að silungurinn hefði líka jafnmikla ánægju af félagsskapnum og hann sjálfur."

Eina stutta sögu af Kjarval í lokin, Guðmundur?

„Já, það er nú ekki erfitt að rifja slíkt upp. Mér dettur strax í hug eitt skipti sem ég fór með honum inn á Borgina og drakk með honum kaffi. Sigurður Guðmundsson arkitekt er þar fyrir og mér dettur í hug að leita álits þeirra á líkaninu af Hallgrímskirkjunni sem þá var nýbúið að stilla út í sýningarglugga uppi í Bankastræti. Sigurður verður fyrri til að svara þessu og segir að þegar um sé að ræða mikil listaverk þá vilji maður nú vera varkár og segja hvorki of mikið né lítið. En þá segir Kjarval, og er snöggur upp á lagið: „Já, og svo er nú það sem er fyrir neðan allar hellur, því eyðir maður nú ekki orðum á!" Það var nú hans álit á Hallgrímskirkju og ekki fékk ég annað út úr því."

Og á þeim orðum ljúkum við þessu spjalli um Jóhannes Kjarval og þökkum Guðmundi Sveinssyni kærlega fyrir.

–vd.



„Hér er „Kritik" í lit, en myndin er að koma út á póstkorti þessa dagana. Litbrá prentar og gefur póstkortið út.



Kjaval málar skyssu af Guðmundi.



Myndin tekur á sig form, Kjarval lagfærir hendina á Guðmundi.

Sjá næstu síðu